

Re: Mat á verndargildi Álanesskógar við Álafoss

Búið til	27.6.2024 14:00:02
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.6.2024 13:59:57
Tilheyrir	202406-0017 - Mat á verndargildi Álanesskógar við Álafoss

Efni

Re: Mat á verndargildi Álanesskógar við Álafoss

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.6.2024 13:59:57	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	4.2.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ingibjorg.m.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is
Cc	Olga.K.Vilmundardottir@ni.is

Innihald

Sæl,

Afsakaðu töfina á þessu. En hún Olga gerði sér á endanum ferð í Álafoss og við erum því með ágæta yfirsýn yfir svæðið. Eftirfarandi er því stutt mat á verndargildi skógarlundsins.

Kv. Snorri

Tilvísun í mál nr. 202406-0017 – Beiðni Umhverfisstofnunar um mat á verndargildi Álanesskógar við Álafoss.

Álanesskógur er skógræktarreitur á bökkum Varmár upp af Álafossi. Árið 1930 reis þarna bústaður og gróðursetti eigandinn tré á lóðinni. Bústaðurinn er nú horfinn en eftir stendur trjálundur með gamalgrónum trjám af ýmsum tegundum. Reiturinn afmarkast af Varmá til norðurs sem rennur meðfram skógarreitnum og hefur grjótvörn verið lögð í bakka árinna neðan hans en þar er bakkinn nokkuð hár. Ofan skógræktarreisins er tún sem í dag er nýtt sem beitarhólf fyrir hross. Göngustígur liggur í gegnum skógarlundinn í grennd við Varmá og fylgir ánni upp eftir dalnum.

Skógurinn var heimsóttur um miðjan júní. Plöntutegundir voru lítið byrjaðar að blómstra og því ekki alltaf gott að greina.

Í skógarlundinum er alaskaösp beggja vegna malarstígs en ofan hans finnast fleiri trjategundir, s.s. birki og reynir en einnig tegundir á borð við selju (líklega, annars eru mun fleiri erlendar víðitegundir þarna og fleiri gætu komið til greina), sitkagreni og silfurreyni. Mörg trjána eru gömul, rótarhnyðjur að losna og stofnar

fúnir svo að sprotar vaxa úr stofnum og greinum. Lágvaxnari tegundir eins og heggur og rífsber vaxa inn á milli. Skógarbotninn er almennt vel gróinn en mest ber á tegundum eins og hálíðagras, sigurskúfi, þistli, túnfífl og spánarkerfli sem myndar þetta og háa breiðu fyrir miðju skógar, og skriðsóley. Fleiri tegundir finnast í skógarbotninum, s.s. mjaðjurt, brennisóley og maríustakkur en mýrastör vex þar einnig á ákveðnum svæðum, einkum í grennd við skurði en reiturinn er deigur á köflum.

Neðan stígsins og nær Varmá er mjó landræma að hluta þakin trjám. Bakkar Varmár eru grösugir og blómríkir og runnar á stöku stað. Áberandi hávaxnar tegundir eru skógarkerfill, alaskalúpína og garðamaríustakkur, allar framandi tegundir og teljast ágengar eða sýna vísbendingu um ágenga hegðun. Þar er einnig ætihvönn og ýmsir víðirunnar. Fjallakornblóm vex á bökkum á stöku stað og engjamunablóm í farvegi Varmár, báðar framandi tegundir. Í raun telst drjúgur hluti æðplöntutegunda á svæðinu til framandi tegunda.

Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er skógræktarreitinn skráður sem fjalldrapamóavist, lyngmóavist á láglandi, grasmóavist og grasengjavist. Í raun ætti mestur hluti þess, jafnvel allur, að vera skráð sem skógrækt. Í jaðri skógræktar er land grösugt og blómríkt meðfram Varmá og á klettaholtum við ána er rýrt, mosaríkt graslandi.

Þarna er því um mjög manngert, grænt svæði í þéttbýli að ræða þar sem framandi tegundir eru mjög áberandi, bæði í skógarþekju, botngróðri og bakkagróðri Varmár. Verndargildi þess hvað tegundir varðar er því fremur takmarkað.

Hægt er að fá tegundalista ef þess er óskað sem og ljósmyndir af svæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson og Olga Kolbrún Vilmundardóttir

From: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir - UST" <ingibjorg.m.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Náttúrufræðistofnun Íslands - NI" <mottaka@ni.is>
CC: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>
Subject: Mat á verndargildi Álanesskógar við Álafoss
Date: 7.6.2024 11:31:22

Góðan dag
Mosfellsbær stefnir á að gera Álanesskóg við Álafoss að útivistarskógi með áningarstöðum og trjákurluðum stígum. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. auglýsingar um friðlýsingu Álafoss skulu framkvæmdir vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun. Í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Álafoss er ekki fjallað sérstaklega um stöðu og stefnu fyrir Álanesskóg og því er unnið nú að viðbót við gildandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Álafoss.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi Álanesskógar fyrir umfjöllun um gróður, vistgerðir, dýralíf og ágengar tegundir í áætluninni.

Bestu kveðjur, Best regards
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: <http://www.ust.is> (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7C20cecf85a5d649d1c32808dc86e55a6f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638533566819866006%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=Lm9Wb%2BVE87FKdLTEIZHFTGxml2bK7weS2b2h8%2B3asBc%3D&reserved=0>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

([https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7C20cecf85a5d649d1c32808dc86e55a6f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638533566819876266%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=qjfpNkViVp0PcKA7QCnprk2QTZ79eqdU4b6ojx1Uw4%3D&reserved=0)

[url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7C20cecf85a5d649d1c32808dc86e55a6f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638533566819876266%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=qjfpNkViVp0PcKA7QCnprk2QTZ79eqdU4b6ojx1Uw4%3D&reserved=0](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7C20cecf85a5d649d1c32808dc86e55a6f%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638533566819876266%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=qjfpNkViVp0PcKA7QCnprk2QTZ79eqdU4b6ojx1Uw4%3D&reserved=0))